


Upplýsingar úr uppgjöri

Ársreikningur 2023



Metafkoma þriðja árið í röð

Tillaga um 20 milljarða arð til þjóðarinnar

Hörður Arnarson

Forstjóri



Árið 2023 var besta rekstrarár í tæplega 60 ára sögu Landsvirkjunar. Hagnaður af grunnrekstri var 375 milljónir bandaríkjadala eða um 52 milljarðar króna og jókst um 19% frá árinu 2022, sem þó var metár. Þessi árangur náðist þrátt fyrir að tekjur af sölu til stórnotenda drægjust saman vegna verðlækkana á mörkuðum, en heildarrekstrartekjur jukust verulega, einkum vegna áhættuvarna. Þannig hefur virk áhættustýring í rekstri Landsvirkjunar sannað gildi sitt, en hún dregur úr tekjusveiflum og stuðlar að stöðugri rekstrarafkomu fyrirtækisins. Rekstrar- og viðhaldskostnaður hækkaði eingöngu um 4% á milli ára.

Fjárhagsstaða fyrirtækisins hefur aldrei verið betri. Eiginfjárlutfall er hærra en nokkru sinni fyrr, 65,4%, en var 59,3% í árslok 2022. Nettó skuldir, þ.e. vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé, lækkuðu um 151 milljón bandaríkjadala og skuldsetning er komin niður í 1,4x rekstrarhagnað fyrir afskriftir. Það er svipað eða betra en gengur og gerist hjá öðrum orku-fyrirtækjum á Norðurlöndunum sem við berum okkur saman við. Þessi lækking á vaxtaberandi skuldum hefur vitaskuld jákvæð áhrif á vaxtajöfnuð fyrirtækis-ins, en vaxtagjöld umfram vaxta-tekjur halda áfram að lækka eins og undanfarin ár. Í umhverfi hækkanandi vaxta hefur reynst vel að hafa markvisst á árunum þar á undan unnið að því að færa lánaskilmála úr breytilegum yfir í fasta vexti, sem breytast ekki með hækkanandi vaxtastigi. Í dag bera 77% lána okkar fasta vexti.

Sterk fjárhagsstaða hefur endurspeglast í lánshæfiseinkunnum Landsvirkjunar, en undir lok ársins hækkaði S&P Global Ratings lánshæfismat fyrirtækisins í A- úr BBB+. Í ljósi þessa árangurs í rekstri fyrirhugar stjórn fyrirtækisins að leggja til við aðalfund um 20 milljarða króna (150 milljóna bandaríkjadala) arðgreiðslu vegna síðasta árs, eða um 72% af hagnaði ársins.

Á meðan rekstur orkufyrirtækis þjóðarinnar gengur betur en nokkru sinni fyrr eru blikur á lofti í raforlumálum Íslendinga. Framkvæmdir við orkuöflun hafa tafist af ýmsum orsökum, og líkur eru á því að raforluframleiðsla nái ekki að anna eftirspurn vegna orkuskipta og almenns vaxtar samfélagsins fyrr en í fyrsta lagi á árunum 2027-28. Vonir standa þó til þess að hægt verði að hefja framkvæmdir við Hvammsvirkjun og Búrfellslund á árinu, þá virkjunarkosti sem eru komnir lengst í þróun hjá fyrirtækinu. Einnig er unnið að lokaundirbúningi fyrir stækkun Þeistareykja-virkjunar og stækkun Sigölduvirkjunar og stefnt á að fá heimild stjórnar Landsvirkjunar til að hefja útboð tengd þeim framkvæmdum síðar á árinu.

Rekstrarárin 2022-23 hafa verið einstök í sögu fyrirtækisins, einkum vegna endursamninga síðustu ára, hagstæðra aðstæðna á mörkuðum og raforkusamnings við stórnotanda sem tengdur var verðþróun á Nordpool og reyndist Landsvirkjun mjög hagstæður en er nú runninn út. Áfram eru horfur á góðri afkomu Landsvirkjunar á árinu 2024, en ekki eru líkur á því að afkoman verði jafn góð og þessi tvö ár fyrr en að endursamningum við Alcoa lýkur og nýjar aflstöðvar hefja rekstur.

Lykiltölur

Selt magn

14,7 TWst $\uparrow 0,4\%$

Rekstrartekjur

657 m. USD $\uparrow 8,1\%$

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði

375 m. USD $\uparrow 18,8\%$

Handbært fé frá rekstri


415 m. USD $\uparrow 14,9\%$

Nettó skuldir

697 m. USD $\downarrow 17,8\%$

Eiginfjárlutfall

65,4% $\uparrow 6,1$ prst.




Rekstur

Milljónir USD	F4		△ %	2023		△ %
	2023	2022		2023	2022	
Rekstrartekjur	162,1	174,9	-7,3%	657,4	608,3	8,1%
EBITDA	119,5	135,3	-11,6%	497,5	454,4	9,5%
Hagnaður fyrir óinnl. fj.	85,3	87,3	-2,3%	375,3	315,9	18,8%
Raforkusala (TWst)	3,6	3,8	-4,1%	14,7	14,6	0,4%


Rekstrartekjur árið 2023 voru í methæðum og selt magn jókst á milli ára. Á sama tíma lækka tekjur frá raforkusölu vegna áhrifa orku- og hrávörumarkaða á verð til stórnótenda en áhrif varna koma á móti lækkuninni. Verð á þessum mörkuðum voru einkar hagfelld árið 2022 og naut Landsvirkjun áfram ábata þess á árinu 2023 í formi áhættuvarna.

Hagnaður af grunnrekstri (hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði) er einnig í methæðum og endurspeglar þróun í rekstrartekjum og aðhald í kostnaði.

Rekstrartekjur



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Efnahagur


Milljónir USD

	2023	2022	Δ%
Eignir samtals	3.614,2	3.872,9	-6,7%
Skuldir samtals	1.250,1	1.576,3	-20,7%
Nettó skuldir	697,3	848,1	-17,8%
Eiginfjárlutfall	65,4%	59,3%	6,1 prst.

Fjárhagsstaða Landsvirkjunar er mjög sterk um þessar mundir og einkennist af lágrí skuldsetningu. Nettó skuldir á móti EBITDA var um áramót 1,4x og hefur aldrei verið eins lág frá stofnun Landsvirkjunar. Eiginfjárlutfallið að sama skapi hefur aldrei verið eins hátt í sögulegu samhengi. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að bæði lækka skuldsetningu og draga úr vaxtaáhættu. Hlutfall lána með fasta vexti stendur nú í 77%.

Í lok árs 2023 hækkaði S&P Global Ratings lánsþæfiseinkunn Landsvirkjunar í A- úr BBB+ sem endurspeglar sterka fjárhagsstöðu og góðar horfur fyrir næstu misseri.

Nettó skuldir og eiginfjárlutfall




Sjóðstreymi

Milljónir USD	F4		Δ %			Δ %
	2023	2022		2023	2022	
Veltufé frá rekstri (FFO)	114,8	126,8	-9,4%	479,4	422,3	13,5%
Handbært fé frá rekstri	52,6	70,9	-25,8%	415,2	361,4	14,9%
Fjárfestingar	109,6	6,9	1.492,5%	121,8	5,7	2.028,7%
Fjármögnun	71,5	117,7	39,3%	362,9	268,5	35,1%

Sterk rekstrarniðurstaða leiðir að fjármunamyndun sem er með miklum ágætum. Handbært fé frá rekstri var í sögulegum hæðum árið 2022 en hækkar um 15% á milli ára og nemur 415 m. bandaríkjadala á árinu. Fjárfestingarhreyfingar hækka milli ára vegna tekjuskatts út af sölu á Landsneti árið 2022.

Sjóðstreymisfirlit



Flokkunarreglugerð

Landsvirkjun hefur lagt mat á hvaða starfsemi er hæf (e. eligible) og samræmd (e. aligned) samkvæmt kröfum flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Þar undir er öll raforkuvinnsla okkar, hvort sem er með vatnsafla, jarðvarma eða vindi. Tekjur, rekstrargjöld og fjárfestingar sem tengjast hæfri og samræmdri starfsemi samkvæmt skilgreiningum reglugerðarinnar eru settar fram í ársreikningi í fyrsta sinn. Þar má nefna að tekjur Landsvirkjunar sem tengdar eru vinnslu endurnýjanlegrar orku og tekjustreymi tengt raforkusölu, þ.m.t. sölu á upprunaábyrgðum og innleystum áhættuvörnum, falla undir flokkunarkerfið.

■ Hæft ■ Ekki hæft ■ Samkvæmt flokkunarkerfi

